

Ráðherra tók á móti stúlkum úr Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík



Stúlkur af stúlnakjarna Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra fékk skemmtilega heimsókn frá stúlkum úr 2. bekk [Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík](#). Nemendur hafa undanfarið farið í heimsókn á vinnustað foreldra sinna eða afa eða ömmu eins og í þessu tilfalli. Þessum glaðværu stúlkum lá ýmislegt á hjarta þegar þær ræddu við ráðherra og spurðu meðal annars hvort hún ætti börn, hvað ráðherrar gerðu og hvað forsetinn myndi gera þegar hann hættir að vera forseti.

Brotthvarf frá námi í framhaldsskólum

Brotthvarf ungmenna úr framhaldsskólanámi er umtalsvert hærra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum, einkum á fyrri árum framhaldsskólanáms. Jákvætt verður hins vegar að teljast að brotthvarf á Íslandi hefur minnkað umtalsvert eða um 5% frá árinu 2000 til 2008. Hins vegar hefur brotthvarf annars staðar á Norðurlöndum annaðhvort staðið í stað eða aukist á sama tíma. Þessar upplýsingar gefa vísbendingu um að brotthvarf á framhaldsskólástigi á Íslandi hafi minnkað frá aldamótum.

Nokkur munur er á brotthvarfi á Íslandi eftir landsluttum, það er minna á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þá virðist atvinnustig og þróun brotthvarfs tengjast. Næg atvinnutækifæri virðast valda auknu brotthvarfi úr námi. Fyrir stóru kreppuna í Finnlandi var brotthvarf þar umtalsvert en mjög dró úr því í kreppunni. Líklegt er að kreppan hér á landi muni hafa svipuð áhrif til lengri tíma lítið.

Í lok mars sl. kom út [ný rannsókn á brotthvarfi í framhaldsskólum á Norðurlöndum](#). Þar er gerð grein fyrir umfangi og einkennum brotthvarfs í löndunum fimm. Fram kemur að mynstur þess þar er um margt líkt. Það sem m.a. vekur athygli í skýrslunni er hve mikla áherslu rannsakendur leggja á áhrif félagslegs bakgrunns nemenda á brotthvarf. Því verði að beina sjónum að stöðu nemenda áður en þeir eru komnir á framhaldsskólaaldur eigi að draga frekar úr áhættu á brotthvarfi. Í þessu sambandi má nefna að Danir hafa þegar gripið til aðgerða í þeim anda og aukið ábyrgð sveitarfélaga á vegferð nemenda frá grunnskóla til framhaldsskóla.

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs þriggja ára

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Ásta Magnúsdóttir ráðuneytisstjóri voru viðstaddir þriggja ára afmæli [Keilis](#) þann 7. maí síðastliðinn. Keilir er miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs á Ásbrú. Fjölmenni var í afmælinu en þar var m.a. skrifað undir samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Keilis um hvernig þeim fjárveitingum sem Alþingi samþykkti að veita Keili í síðustu fjárlögum skuli varið.

Starfsfólki í leikskólum fjölgar

Í desember 2009 störfuðu 5.596 starfsmenn í 4.813 stöðugildum í 282 leikskólum á Íslandi. Starfsmönnum hefur farið fjölgandi allt frá árinu 1997 þegar Hagstofan hóf að safna gögnum um börn og starfsfólk í leikskólum. Starfsmönnum hefur fjölgað um 51% og stöðugildum um 73% samkvæmt upplýsingum frá [Hagstofu Íslands](#).

Starfsgreinanefnd skipuð

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur nýlega skipað starfsgreinanefnd sbr. [27. gr. laga nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla til næstu fjögurra ára og hélt nefndin fyrsta fund sinn þann 4. maí sl. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í starfsnámi og framkvæmd starfsnáms. Enn fremur að vera vettvangur samráðs og samræmingar milli starfsgreinaráða. Starfsgreinaráðin eru 12 talsins og eru þau ráðgefandi um starfsnám á framhaldsskólástigi hvert á sínu sviði. Í starfsgreinanefnd eiga sæti formenn starfsgreinaráða auk formanns og varaformanns sem skipaðir eru án tilnefningar.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla

Í lögum um grunnskóla [nr. 91/2008](#) segir að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólstarfs. Matið á að tengjast markmiðum skólanámskrár og skulu upplýsingar um framkvæmd og umbætur birtar opinberlega. Í lögunum segir jafnframt að mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli m.a. með sjálfstæðri gagnaöflun afla upplýsinga um framkvæmd laganna. Í eldri lögum var sambærilegt ákvæði um sjálfsmat.

Ráðuneytið hóf árið 2007 úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla og lauk þeim í lok árs 2009. Að undangenginni auglýsinga fól ráðuneytið utanaðkomandi aðilum að vinna úttektirnar. Þetta var í annað sinn sem gerðar voru úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla en fyrri umferð úttekta fór fram á tímabilinu 2001 til 2003.

Skýrsla með [heilðarniðurstöðum úttektanna 2007 til 2009](#) hefur nú verið birt á vef ráðuneytisins en þar er einnig að finna samanburð á niðurstöðum 2001 til 2003 og 2007 til 2009.

Upplýsingar um [niðurstöður einstakra skóla](#) má finna í fréttatilkynningum á vef ráðuneytisins í apríl 2008, mars 2009 og mars 2010.

